

**Umsögn um Þingskjal 355 — 305. mál.**

Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (hækkun raforkueftirlitsgjalds).

HS Veitur leggjast eindregið gegn þeirri hækkun eftirlitsgjalds sem lögð er til í frumvarpinu, 100% hækkun þess er úr öllu hófi og er án eðlilegra forsendna.


Fram hefur komið á fundum með OS, meðal annars á vettvangi samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, að gjaldið er í raun að fjármagna margvíslega aðra þætti í starfsemi OS sem hafa ekkert með það eftirlit að gera sem gjaldinu er ætlað að fjármagna.

Þá er það athugunarefni að það þurfi 4 starfsmenn til að annast eftirlit með í raun 6 fyrirtækjum en þau eru Landsnet, Rarik, Orkuveita Reykjavíkur, HS Veitur, Norðurorka og Orkubú Vestfjarða, öll alfarið í eigu opinberra aðila.

Erfitt er fyrir fyrirtækin að setta sig við kröfur um það sem kalla má lögbundin taprekstur (óeðlilegar arðsemiskröfur) og þröng mörk eðlilegs reksturs þegar eftirlitsaðilinn hefur sjálftöku á gjöldum úr öllu hófi sem að sjálfsögðu fara beint út í verðlagið.

Reykjanesbæ 12. desember 2011

F.h. HS Veitna hf



---

Júlíus Jónsson  
Forstjóri